

Skýrsla formanns

Ágætu félagar.

Árið 2020 litaðist mikið af Covid-19 faraldrinum. Þess sjást merki í allri starfsemi Sjálfsbjargar félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni.

Á árinu 2020 fækkaði lítilega í félaginu okkar. Í upphafi árs voru félagsmenn 144, á árinu gengu 3 einstaklingar til liðs við félagið og 5 gengu út. 2 félagsmenn féllu frá á áinu. Félagsmenn voru því 140 í árslok.

Félagsstarf var með allra minnsta móti árið 2020 af völdum covid-19 faraldursins. Hefðbundið félagsstarf féll að mestu niður á árinu vegna hans. Það var til að mynda ekki farið í hina árlegu haustferð, ekkert varð að jólahlaðboði starfsfólks og stjórnar ásamt mökum, auk þess sem jólaballið féll niður. Það er mín einlæga von að fljótlega verði hægt að halda viðburði sem þessa að nýju.

Útleiga á Furuholti, sumarhúsi félagsins gekk ágætlega. Húsið var ekki leigt út í byrjun covid-19 en opnað var fyrir bókanir að nýju í maí. Flestar vikur frá maí til september voru leigðar út til félagsfólks auk þess var nokkuð góð nýting á húsinu á helgum um haustið.

Á árinu var sett upp nýtt kerfi fyrir hitateppin í tjaldaklefunum, klefarnir voru málaðir og skipt um hillur og ljós. Nýju lyftingatækin í æfingasalinn komu til okkar í apríl og gafst góður tími til að koma þeim fyrir því þetta var í miðri covid-19 lokun. Nýtt bókhaldskerfi var tekið í notkun rétt fyrir áramót.

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins var rekstur félagsins þungur árið 2020. Tap félagsins var 7 milljónir á árinu. Skýringin á þessu er margþætt en skýrist að nokkru leiti af lokun vegna covid-19 sem stóð yfir frá 24. mars til 4. Maí, eða í 6 vikur. Á þeim tíma var einungis sinnt allra veikustu sjúklingum. Restin af árinu var mjög lituð af ástandinu. Lítið var um hóppjálfun og margir af okkar skjólstæðingum hafa ekki treyst sér til að koma í þjálfun vegna hræðslu við smit, því var mikið um afboðanir í þjálfun.

Félagið hefur lent í miklum hremmingum hvað varðar starfsmannhald, í byrjun ár hætti Christina Finke sem var búin að starfa hjá okkur í u.þ.b. eitt ár. Þetta bætist við þá fjóra sem hættu árið 2019 af ýmsum ástæðum. Einnig hefur verið

mikið um veikindi í starfsmannahópnum okkar. Eins og þetta allt hafi ekki verið nóg þá eru samningar við Sjúkratryggingar með þeim hætti að við störfuðum á taxta frá 2019 allt árið 2020. Þetta þýddi að innkoma fyrir vinnuna stóð í stað en allur kostnaður hækkaði. Með hjálp lögfræðings var hægt að fá lítilsháttar hækkun á taxtanum frá ársbyrjun 2021 og leiðréttingu á taxta fyrir árið 2020 í formi eingreiðslu upp á 2,5 milljónir.

Á aðalfundi félagsins þann 15. júní Gekk Jón Hlöðver Áskellsson úr stjórn eftir áralanga setu og þakka ég honum frábær störf í þágu félagsins. Á fundinum var Linda Egilsdóttir kosinn í stjórn félagsins.

Á þessum sama aðalfundi voru kosnir fjórir fulltrúar til að fara á landsfund sjálfsbjargarfélaga sem haldin er einu sinni á ári. Fulltrúarnir voru Herdís, Jósep, Ívar og Rúnar, allt meðlimir í stjórn félagsins okkar. Landsfundinum var síðar frestað ítrekað og munu þessir fulltrúar sitja fundinn sem verður að lokum haldinn um næstu helgi í Reykjavík.

Í lok ársins gaf félagið okkar út bókina „Frá vonleysi til væntinga“ eftir Pétur Arnar Pétursson fyrrum framkvæmdastjóra félagsins. Í bókinni fer Pétur yfir árin sem hann var við stjórnvölin á Bjargi. Þetta voru árin 2002 til 2018. Bókin var gefin út í 110 eintökum og færð að gjöf núverandi stjórnarfólki, starfsfólki, starfsmönnum sem látið hafa að störfum og aðilum sem tengjast félaginu sterkum böndum.

Að lokum færi ég stjórn Sjálfsbjargar félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni, starfsfólki og félagsfólki öllu þakklæti mitt fyrir gott samstarf á þessu mjög svo erfiða covid-19 ári.

Herdís Ingvadóttir

formaður